

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Skv. heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tilögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. gr.

Einstefna vestast á Engihjalla verður tvístefna.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 5. nóvember 1991.

Ásgeir Pétursson.

7. nóvember 1991

GJALDSKRÁ

Nr. 537

**yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna
Hollustuverndar ríkisins.**

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:

1. Sérfræðingur 2 600 kr./klst.

2. Aðstoðarmaður 1 700 kr./klst.

Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

Eðlis- og efnarannsóknir:	Kr.
Ákvörðun á sýrumagni (titrun)	700
Ákvörðun á sýrustigi (pH)	460
Eðlisþyngd (pyknometer)	980
Fitumæling (Gerber)	1 060
Fosfatase próf	700
Litprófun (reduktase próf)	700
Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond)	380
Peroxidase próf	700
Purrefnisákvörðun	700
Mæling á aflatoxin (ELISA)	3 480
Tegundagreining á kjöti (ELISA)	3 480
Greining á Staphylococcus enterotoxini	3 450
Greining á azolitarefni	2 900
COD	3 480
Varnarefni í grænmeti og ávöxtum (GSMS), grunnjald kr. 10 000 og hver rannsóknarpáttur	1 500